

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Voru að venju einnig ræddar tillögur að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010.

Á fund nefndarinnar komu Gísli Þór Magnússon, Auður B. Árnadóttir, Marta Guðrún Skúladóttir og Jenný Bára Jensdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kristín Ingólfssdóttir frá Háskóla Íslands, Ari Kristinn Jónsson frá Háskólanum í Reykjavík, Magnús Árni Magnússon frá Háskólanum á Bifröst, Stefán B. Sigurðsson frá Háskólanum á Akureyri, Ágúst Sigurðarson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skúli Skúlason frá Háskólanum á Hólum, Hjálmar H. Ragnarsson frá Listaháskóla Íslands, Yngvi Pétursson frá Menntaskólanum í Reykjavík, Már Vilhjálmsson og Hjördís Þorgeirsdóttir frá Menntaskólanum við Sund, Gísli Ragnarsson frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Örlygur Karlsson frá Fjölbrautaskóla Suðurlands, Hörður Ó. Helgasson frá Fjölbrautarskóla Vesturlands, Kolbrún Halldórsdóttur, Ragnar Bragason, Björn Th. Árnason, Karen María Jónsdóttir og Jón Rafnsson frá Bandalagi Íslenskra listamanna og Stefanía G. Kristinsdóttir og Þorvaldur Jóhannsson frá Þekkingarneti Austurlands.

Heildarútgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 63.846,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 7.351,7 m.kr., sem nema 11,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 56.495 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.894,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.600,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins dragast saman um 3.899,9 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 3.868,3 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 6,4% lækkunar. Rekstrargjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 38.965,3 m.kr. og lækka um 1.906,9 m.kr. eða 7,2% af rekstrarveltu að raungildi.

Heildarfjárveiting til háskóla og rannsóknarstarfsemi lækkar um 1.539 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar sem nema 182,2 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu eru fjárframlög til reksturs háskóla og háskólastofnana lækkuð um 5% til 9% en fjárlög í samkeppnissjóði á sviði rannsókna eru lækkuð minna, eða um 4%. Í máli gesta kom fram að þegar hefði verið gripið til sársaukafullra aðgerða hjá háskólunum vegna skertra fjárframlaga, námsbrautum lokað og álag aukist mjög á starfsfólk. Frekari niðurskurður mundi leiða til uppsagna starfsfólks.

2. minni hluti lýsir yfir miklum áhyggjum af niðurskurði fjárveitinga til háskóla, rannsóknarsjóða og rannsóknarstarfsemi sem eru grundvöllur nýsköpunar og forsenda endurreisnar hagkerfisins. Í umræðum á Alþingi hefur komið fram skýr vilji þingmanna til sameiningar háskóla á Íslandi með það fyrir augum að bæta nýtingu opinberra fjárveitinga til háskólastigsins, finna nýjar leiðir til vaxtar og þróunar og efla tengsl menntunar og nýsköpunar. Mætti þá skoða sameiningu ríkisháskólanna og einkareknu háskólanna í samræmi við tillögur erlendra sérfræðinganevndar eða sameiningu háskólanna á landsbyggðinni og háskólanna á höfuðborgarsvæðinu og fækka þeim þannig í tvo til fjóra. Setja þarf á stofn miðlæga stjórnsýslumiðstöð sem gæti þjónað

háskólunum á hagkvæman máta. Einnig þarf að starfrækja einn rannsóknarnámsskóla til að brúa bilið á milli háskólanna og gera opinberum rannsóknastofnunum og atvinnulífínu auðveldara að þróa sameiginleg rannsóknarverkefni eða kennslu- og rannsóknarstöður. Nauðsynlegt er að efla tengsl opinberra rannsóknastofnana við háskólana. Framangreindar skipulagsbreytingar ættu að hafa aukna hagkvæmni sem meginmarkmið til að bæta menntun og rannsóknir í skólunum.

2. minni hluti bendir á að erlenda sérfræðinganefndin taldi sérstaklega þrjú fræðasvið lofa góðu hvað varðar vöxt og sköpun nýrra starfa: jarðvísindi, lífvísindi og skapandi greinar/upplýsingatækni. Þau skilaboð sem felast í breyttu reiknilíkani menntamálaráðuneytisins, þar sem hugsanlega þarf að skerða framlag til verk- og raungreina, eru því illskiljanleg.

2. minni hluti bendir á mikilvægi háskóla- og þekkingarsetra hringinn í kringum landið og hvetur til aukins samstarfs á milli þeirra og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva til að styðja við menntun og atvinnuuppbyggingu í viðkomandi byggðarlögum.

Heildarfjárveiting til framhaldsskóla lækkar um 1.197,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 5,8% frá fjárlögum 2010. 2. minni hluti telur að erfitt verði að viðhalda framboði og gæðum menntunar í framhaldsskólum nema ákveðnari skref verði tekin í þá átt að stytta nám til stúdentsprófs og endurskipuleggja starf skólanna. Slíkt verður að gerast í samráði við sveitarfélögin, sem fara með málefni grunnskólanna, og stéttarfélög kennara en kjarasamningar kennara stýra mjög miklu um skólastarf.

Heildarfjárveiting til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna lækkar um 713 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Þessi lækkun skýrist af því að lánþegar á Íslandi reyndust vera 10% færri en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. 2. minni hluti bendir á að nauðsynlegt er að framfærslugrunnur LÍN verði samræmdur opinberum neysluviðmiðum sem til stendur að kynna nú í desember.

Heildarfjárveiting til málefnaflokka á sviði menningar, lista, íþróttar og æskulýðsmála lækkar um 632,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin þannig að jafnaði um 9% frá fjárlögum 2010. Er leitast við að draga úr framlögum til styrkja og verkefna sem eru ekki lögbundin fremur en að skerða lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana sem ríkið rekur. 2. minni hluti tekur undir áskorun meiri hluta menntamálanefndar um að framlög til Kvikmyndasjóðs Íslands verði endurskoðuð til hækkunar. Fyrir þinginu þingsályktunartillaga (þskj. 104 – 98. mál) um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar þar sem lagt var til að mennta- og menningarmálaráðherra endurnýjaði samkomulag um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Málið hefur enn ekki hlotið hlaut afgreiðslu.

Við afgreiðslu safnliða skipti nefndin sér í hópa og tók viðtöl við aðila sem sótt höfðu um fjárveitingu af fjárlagalið 02-984-190. Enn og aftur var rætt um að endurskoða þyrfti vinnubrögð við afgreiðslu safnliða og breyta þeim. 2. minni hluti telur að sérfræðingar og/eða sjóðir ættu að vera fastanefndum Alþingis til ráðgjafar og aðstoða við afgreiðslu umsóknanna út frá áherslum sem fastanefndir ákveða. Þannig yrði betur tryggt að úthlutun fjármuna væri byggð á faglegum forsendum, gætt væri gegnsæis, hlúð að svæðisbundnum þörfum og virkt eftirlit með nýtingu fjármuna viðhaft.

Við úthlutun var fjölda og upphæðum umsókna skipt niður á kjördæmi og skoðað sérstaklega hvort viðtöl skiptu máli við úthlutun styrkja. Um 80% þeirra sem fengu úthlutað höfðu komið í viðtöl. 2. minni hluti lagði einnig áherslu á að úthlutun endurspeglaði fjölda umsókna frá hverju kjördæmi og íbúafjölda hvers svæðis auk svæðisbundinna þarfa.

2. minni hluti gerir ekki athugasemdir við tillögur meiri hluta nefndarinnar um skiptingu safnliða en ítrekar mikilvægi þess að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað fyrir vorið 2011.

Alþingi, 23. nóv. 2010.

Eygló Harðardóttir.